

## FJÖLNOTA ÍPRÓTTAHÚS Í VETRARMÝRI

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 INNGANGUR

Þann 16. nóvember 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Garðabæ um fyrirhugað fjölnota ípróttahús í Vetrarmýri, Garðabæ samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.03 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Garðabæjar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands, Vegagerðarinnar og Vinnueftirlitsins.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Fjölnota ípróttahús í Vetrarmýri. Fyrirspurn um matsskyldu. Efla hf., nóvember 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Garðabæ með tölvubréfi dags. 4. desember 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með tölvubréfi dags. 28. nóvember 2018.
- Minjastofnun Íslands með tölvubréfi dags. 3. desember 2018.
- Umhverfisstofnun með tölvubréfi dags. 7. desember 2018.
- Veðurstofu Íslands með tölvubréfi dags. 4. desember 2018.
- Vegagerðinni með tölvubréfi dags. 4. desember 2018.
- Vinnueftirlitinu með tölvubréfi dags. 29. nóvember 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 12. desember 2018.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að til standi að reisa fjölnota ípróttahús á um 20.000 m<sup>2</sup> svæði milli Hnoðrahólts, Vífilstaðalands og Smalahólts. Húsið verður um 23 m hátt og 143 m langt og 97 m á breidd alls um 14.000 m<sup>2</sup> og um 6000 m<sup>2</sup> fara undir bílastæði og annað. Framkvæmdasvæðið er að mestu framræst tún en framkvæmdir munu einnig að hluta raska svæði þar sem Vetrarbraut liggur milli Hnoðrahóltsbrautar og Vífilstaðavegar og golfvöllur Golfklúbbs Garðabæjar (GKG) er staðsettur. Gert er ráð fyrir færslu hluta Vetrarbrautar áður en byggingarframkvæmdir hefjast svo tryggt sé að íbúar á svæðinu hafi aðgengi að bæði fyrrnefndum vegum.

Fram kemur að ein af aðal umferðaræðum höfuðborgarsvæðisins, Reykjanesbraut, liggja nálægt væntanlegum framkvæmdarstað og séu áform um uppbyggingu þjónustu- og verslunarbyggðar á svæði sem liggja á milli fyrirhugaðs ípróttahússins og Reykjanesbrautar.



## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Ásýnd og landslag

Fram kemur að ípróttahúsið muni óhjákvæmilega hafa áhrif á ásýnd svæðisins og verða vel sýnilegt. Húsið á eftir að setja mikinn svip á svæðið til skamms tíma eða þar til framtíðaráform um uppbyggingu á svæðinu verði að veruleika en þá mun húsið hafa óveruleg áhrif á heildarásýnd svæðisins.

### Umferð

Fram kemur að umferð á svæðinu muni aukast með tilkomu ípróttahússins, einkum þegar um verði að ræða stærri ípróttaviðburði en gert er ráð fyrir 800 áhorfendum að hámarki í húsinu. Þegar dagleg starfsemi fari fram sé gert ráð fyrir að mestu 200 bílum á álagstímum þegar æfingum ljúki og aðrar byrji. Líklegast sé að þetta verði á milli 16-19.

Heilbrigðiseftirlit Hafnafjarðar- og Kópavogssvæðis bendir á að huga þurfi að aðkomu neyðarbifreiða, útfærslum á göngu- og hjólastígum, framtíðaraðkomu fyrir almenningssvagna og bílastæðum fyrir stærri fólksflutningsbifreiðar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar segir að mikilvægt sé að það komi fram hvers vegna þetta svæði hafi orðið fyrir valinu með tilliti til þess hversu langt það sé frá helstu hverfum sveitarfélagsins og að ekki séu neinar almenningssamgöngur á svæðinu. Þetta verði til þess að miklum fjölda iðkenda verði ekið á ípróttæfingar. Fram kemur að ekki sé fjallað um mótvægisáðgerðir til að minnka bílaumferð og auka öryggi annarra faramáta en einkabifreiða.

Í svari framkvæmdaraðila segir að staðsetningin hafi verið valin eftir staðarvalsferli innan Garðabæjar. Þar hafi verið lagðar fram fimm staðsetningar og Vetrarmýri hafi verið valin vegna þess að framkvæmdin hafi lítil áhrif á núverandi byggð. Einnig kemur fram að staðsetningin sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir samkvæmt aðalskipulagi. Í Vetrarmýri sé einnig fyrirhuguð uppbygging blandaðrar byggðar og að lögð verði áhersla á góðar almenningssamgöngur í framtíðinni sem ípróttahúsið muni njóta góðs af þegar uppbygging hefst.

### Hljóðvist

Fram kemur að aukinni umferð fylgi óhjákvæmilega aukinn hávaði og muni það helst hafa áhrif á íbúa í Hnoðraholti. Áætlað er að hljóðstyrkur aukist um 3 db (A) en hljóðstig verði þó undir viðmiðunarmörkum skv. reglugerð um hávaða.

### Gróðurfar og fuglalíf

Fram kemur að ráðandi vistkerfi á svæðinu samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands sé graslendi og ekki að finna viðkvæmar eða fágætar vistgerðir á svæðinu. Grágæsir hafa haldið til í Vetrarmýri en grágæsastofninn á höfuðborgarsvæðinu hefur stækkað mikið síðustu ár og tileinkar sér í sífellu ný svæði. Talið er að gæsirnar muni finna sér önnur svæði í framtíðinni.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki komi nægilega skýrt fram hver staða fuglalífs á svæðinu sé og hvaða áhrif verði á það.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í kjölfar umsagnar Umhverfisstofnunar hafi verið gerð úttekt á fuglalífi á svæðinu af fuglafræðingi. Fram hafi komið í þeirri úttekt að allar tegundir á svæðinu væru algengar tegundir, varplendi og beitiland nokkurra tegunda mun raskast en áhrif framkvæmda á fuglalíf verða ekki mikil, en þó endanleg og óafturkræf.



## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Áður en byggingarleyfi er veitt þarf breyting á deiliskipulagi Hnoðrahólts-Vetrarmýri að hafa tekið gildi.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða byggingu fjölnota íþróttahúss ásamt gerð bílastæða í Vetrarmýri, Garðabæ á um 20.000 m<sup>2</sup> lóð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matssskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.03 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af stærð og umfangi framkvæmdar og ónæði og slyshættu, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ljóst er að umfang framkvæmdasvæðisins er ekki mikið eða um 2 ha og mun ekki hafa mikil áhrif til framtíðar að undanskildum breytingum á ásýnd svæðisins þar til framtíðaruppbygging á því verður að veruleika. Gæta þarf að hönnun á aðkomu fyrir aðra ferðamata en einkabifreiðar til að auðvelda aðgengi að svæðinu. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Framkvæmdasvæði er umfangslítið og að stórum hluta manngert m.a. á hluta golfvallar, vegar auk framræsts svæðis. Engin verndarákvæði taka til fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir staðsetningu framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

### Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi viðmiðanna hér að ofan einkum með tilliti til: stærðar, fjölbreytileika og tímalengdar áhrifa sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felast fyrst og fremst í breytingu á ásýnd svæðisins og aukinni umferð á vissum tímum. Áhrif á ásýnd svæðisins verða varanleg en koma til með að hafa minna vægi þegar frekari uppbygging svæðisins verður að veruleika. Önnur áhrif verða tímabundin á meðan á framkvæmdatíma stendur eða þegar stærri viðburðir eiga sér stað í húsinu. Að mati Skipulagsstofnunar kalla því þættir sem falla undir eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.



### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 21. janúar 2019.

Reykjavík, 20. desember 2018

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson